

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi ferðaþjónustuhúsa að Minni-Borg, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Breytingin felst í að 5 frístundahúsalóðir bætast við lóð B sem stækkar um 8.000 fm. Leiksvæði á lóð A færast nær þjónustuhúsi og boltavöllur og púttvöllur færast fjær. Húsnúmer breytast og hámarks mænishæð hækkar úr 5 m í 6 m.

Erindi þetta hefur fengið meðferð samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 17. febrúar 2005.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.